

## Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Eyjólfur Þór Sæmundsson, formaður  
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 23. apríl 2013


### **Erindi: Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir upplýsingum um leikskólarými haustið 2013 og 2014**

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar eftir svörum við eftirtöldum spurningum:

1. Hver er staðan á leikskólarýmum í Hafnarfirði fyrir börn fædd árið 2011?
2. Hvaða hverfi eru í brýnustu þörf fyrir fleiri leikskólarýmum fyrir börn fædd árið 2011?
3. Hvaða hverfi anna eftirspurnum eftir rýmum fyrir börn fædd árið 2011?
4. Hversu löngu fyrir innritun fá foreldrar upplýsingar um hvenær börnin eiga að hefja aðlögun á leikskóla? Foreldraráðið hefur fengið ábendingar um að fyrirvarinn hafi hingað til verið of stuttur. Foreldrar þurfa oft á tíðum að taka mið af aðlögunartíma barnsins á leikskóla við skipulagningu sumarfrísins og er því mikilvægt að fá upplýsingar um leikskólagöngu barnsins með góðum fyrirvara. Einnig er mikilvægt að dagforeldrar barnsins fái með góðum fyrirvara upplýsingar um hvenær barn hættir í dagvistun. Foreldraráðið óskar eftir sjónarmiðum fræðsluráðs varðandi þetta.
5. Hvernig er útlitið fyrir leikskólapláss árið 2014, fyrir börn fædd 2012 og eru einhver hverfi sem munu jafnvel ekki anna eftirspurn eftir leikskólarýmum?

Foreldraráð leikskóla Hafnarfjarðar óskar svara við eftirfarandi spurningum fyrir 3. maí 2013.

Virðingarfyllt

  
Steinvör V. Þorleifsdóttir  
Formaður Foreldraráðs leikskóla Hafnarfjarðar